

Umhverfis- og loftslagsstefna Norðurlings 2024-2034

Aðgerðaáætlun

7.janúar 2025



NORÐURLING

Markmið	Aðgerðir og leiðir að markmiðum	Tímarammi	Ábyrgð	Tengsl við aðrar áætlanir
SAMFÉLAG				
<p>Fræðsla og miðlun upplýsinga um umhverfi og sjálfbærni</p> <p>Umhverfisvitund og miðlun upplýsinga um umhverfis- og loftslagsmál á meðal íbúa og starfsfólks Norðurbings verði aukin.</p>	<p>Umhverfis- og loftslagsstefna Norðurbings verði kynnt og aðgengileg almenningi.</p> <p>Fræðsluefni um umhverfismál, loftslagsmál og sjálfbærni verði aðgengilegt fyrir íbúa og starfsfólk Norðurbings, m.a. á heimasíðu sveitarfélagsins og í gegnum verkefnið LOFTUM.</p> <p>Fjallað verði um málefni umhverfis- og loftslagsstefnu í skólastefnu Norðurbings.</p> <p>Fjallað verði um umhverfis- og loftslagsstefnu í öðrum stefnum Norðurbings, þar sem það á við.</p>	<p>Framkvæmt eigi síðar en 2025</p>	<p>Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, sviðsstjóri fræðslusviðs og stjórnsýslustjóri</p>	<p>Skólastefna Norðurbings Græn skref í ríkisrekstri</p>
<p>Stjórnsýsla og rekstur sveitarfélagsins</p> <p>Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar verði höfð að leiðarljósi í rekstri og við stefnumótandi ákvarðanir hjá sveitarfélaginu.</p> <p>Skráðar verði upplýsingar þannig að hægt verði að áætla losun gróðurhúsalofttegunda á vegum Norðurbings.</p>	<p>Áframhaldandi innleiðing grænna skrefa. Fleiri græn skref verði tekin í starfsemi Stjórnsýsluhússins og undirbúningur verði hafinn að innleiðingu Grænna skrefa hjá öðrum stofnunum sveitarfélagsins.</p> <p>Hafinn verði undirbúningur fyrir Grænt bókhald.</p> <p>Innleiða verklag á öllum starfsstöðvum sveitarfélagsins til að lágmarka orkunotkun.</p> <p>Við gerð fjárhagsáætlana sé þess gætt að verkefni í umhverfis- og loftslagsstefnu séu mönnuð og fjármögnuð.</p> <p>Uppfæra innkaupastefnu m.t.t. vistvænna innkaupa.</p> <p>Leggja áherslu á nýtni hluta og endurnýtingu en forðast að nota einnota hluti.</p>	<p>Framkvæmt eigi síðar en 2028</p> <p>Viðmiðunarárskráningar verði 2025</p>	<p>Stjórnsýslustjóri og ábyrgðaraðili innkaupa hvers sviðs</p>	<p>Innkaupastefna Norðurbings Græn skref í ríkisrekstri Heimsmarkmið SP nr. 12 um vistvæn innkaup</p>

Markmið	Aðgerðir og leiðir að markmiðum	Tímarammi	Ábyrgð	Tengsl við aðrar áætlanir
<p>Lýðheilsa</p> <p>Stuðlað verði að heilsuefingu og bættu aðgengi að útivistarsvæðum og íþróttaaðstöðu.</p> <p>Áhersla verði lögð á að varðveita náttúruna sem útivistarsvæði, þar sem það á við, og viðhalda hreinu umhverfi.</p> <p>Efling göngu-, hjóla- og reiðstíga.</p>	<p>Tryggja aðgengi að opnum grænum svæðum í byggð. Klára framkvæmdir við Yltjörn og bæta aðgengi að Botnsvatni.</p> <p>Fjölga bekkjum og áningarstöðum á gönguleiðum og í almenningsrýmum í þéttbýli.</p> <p>Bjóða upp á hreystitæki og aðstöðu til íþróttaiðkunar í almenningsrýmum utandyra. Gera áætlun um uppbyggingu á slíkri aðstöðu.</p> <p>Aukin hvatning til útivistar og fræðsla meðal almennings og í skólum. Skoðað verði hvort innleiða eigi þessa þætti í skólastefnu Norðurlands.</p>	Framkvæmt eigi síðar en 2028	Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og sviðsstjóri fræðslusviðs	Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030 Áfangastaðaáætlun Norðurlands Skólastefna Norðurlands Heilsueflandi samfélag
<p>Hljóðvist, ljósvist og loftgæði</p> <p>Stuðla að heilnæmu umhverfi og auknum gæðum byggðar með því að taka tillit til hljóðvistar, lýsingar og myrkurgæða við deiliskipulagsgerð og framkvæmdir.</p>	<p>Halda áfram að endurnýja lýsingarbúnað með LED perum, með það að markmiði að bæta lýsingu og minnka orkunotkun (inni og úti).</p> <p>Takmarka akstur ökutækja á vegum Norðurlands og draga úr bílaumferð almennt, sbr. aðgerðir og leiðir að markmiðum í kafla um samgöngur, veitur og önnur mannvirki.</p>	Framkvæmt eigi síðar en 2028	Sveitarstjóri, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og stjórn Orkuveitu Húsavíkur	Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030 Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 Viðeigandi lög og reglugerðir Heimsmarkmið Sp nr. 11
NÁTTÚRA OG AUÐLINDIR				
<p>Lífriki og landslag</p> <p>Verndun sérstæðra náttúruminja og annarra sérkenna, m.a. landslagsheilda og jarðmyndana sem og verndun líffræðilegrar fjölbreytni, tegunda og vistgerða í</p>	<p>Tímasetja framkvæmdir sem tilgreindar eru í áfangastaðaáætlun og ljúka skipulagsvinnu vegna þeirra.</p> <p>Hverfisverndun náttúruminja og mikilvægra svæða við heildarendurskoðun aðalskipulags Norðurlands.</p>	Framkvæmt eigi síðar en 2028	Skipulagsfulltrúi og sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs	Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030 Áfangastaðaáætlun Norðurlands Rammaáætlun (Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða)

Markmið	Aðgerðir og leiðir að markmiðum	Tímarammi	Ábyrgð	Tengsl við aðrar áætlanir
<p>Lífríki og landslag (framhald)</p> <p>samræmi við vistkerfisnálgun, lög og alþjóðaskuldbindingar.</p> <p>Skipulag og ákvarðanir stuðli að sjálfbærri ferðaþjónustu, þ.e. ferðaþjónustu sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna, en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins.</p>	<p>Auka upplýsingamiðlun til ferðamanna með skiltum og á vefsíðum með það að markmiði að hlífa viðkvæmum svæðum.</p>			<p>Náttúruminjaskrá</p> <p>Sóknaráætlun</p> <p>Norðurlands eystra 2020-2024</p> <p>Land og líf:</p> <p>Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt</p> <p>Vatnaáætlun Íslands 2022-2027</p>
<p>Auðlindir og orka</p> <p>Nýting auðlinda verði með sjálfbærum hætti. Í því felst að við framkvæmdir og ákvarðanatöku um auðlindanýtingu verði tekið tillit til:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Landslagsheilda, fjölbreytileika landslags, líffræðilegrar fjölbreytni og sérkenna náttúrunnar - Náttúruvár og loftslagsbreytinga - Félagslegra, menningarlegra og efnahagslegra þátta 	<p>Marka nánari stefnu um nýtingu auðlinda við endurskoðun aðalskipulag Norðurlands. Þar verði frekari staðbundnar ákvarðanir teknar.</p> <p>Lágmarka allt rask vegna auðlindanýtingar með því að setja skýra skilmála við leyfisveitingar.</p> <p>Ganga frá eldri efnistökusvæðum.</p> <p>Marka sérstaka stefnu um nýtingu vindorku í aðalskipulagi.</p>	<p>Framkvæmt eigi síðar en 2028</p>	<p>Skipulagsfulltrúi, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, og sveitarstjórn, sérstaklega varðandi vindorku</p>	<p>Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030</p> <p>Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025</p> <p>Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020-2024</p> <p>Rammaáætlun (Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða)</p> <p>Sjálfbær orkuframtíð - Orkustefna til ársins 2050</p> <p>Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029</p>

Markmið	Aðgerðir og leiðir að markmiðum	Tímarammi	Ábyrgð	Tengsl við aðrar áætlanir
<p>Landnýting</p> <p>Stuðla að sjálfbærri landnýtingu í samræmi við þau markmið sem sett eru um lífríki, landslag, auðlindir og orku í þessari stefnu.</p> <p>Vandað verði til samráðs við almenning við skipulagsgerð og ákvarðanir um nýtingu lands.</p> <p>Taka loftslagsbreytingar til greina við alla skipulagsgerð og ákvarðanir um nýtingu lands.</p>	<p>Hvetja íbúa og almenning til virkrar þátttöku í skipulagsvinnu. Bæta aðgengi að skipulagsgögnum og gera verkferla um samráð og kynningu við skipulagsgerð.</p> <p>Viðhalda skógrækt við þéttbýli með áherslu á gildi skóglendis til útivistar, skjóls og landbóta í samræmi við skógræktaráætlun.</p> <p>Hefja vinnu við gerð skógræktaráætlunar.</p> <p>Samhliða gerð skógræktaráætlunar verði skoðað hvaða svæði henta til landgræðslu.</p>	<p>Framkvæmt eigi síðar en 2028</p>	<p>Skipulagsfulltrúi og sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs</p>	<p>Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030</p> <p>Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025</p> <p>Land og líf: Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020-2024</p>
INNVIÐIR				
<p>Samgöngur, veitur og önnur mannvirki</p> <p>Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við uppbyggingu innviða.</p> <p>Við uppbyggingu innviða og ákvarðanir þeim tengdum verði ávallt hugað að áhrifum á loftslag, aðlögun að loftslagsbreytingum og orkuskiptum í samgöngum.</p>	<p>Skoðaðir verði kostir þess að nýta staðbundið, umhverfisvænar lausnir fyrir fráveitu (blágrænar ofanvatnslausnir).</p> <p>Norðurland haldi bókhald um magn útblásturs gróðurhúsalofttegunda þeirra ökutækja sem eru á vegum sveitarfélagsins.</p> <p>Takmarka akstur ökutækja á vegum Norðurlands eins og kostur er. Við endurnýjun bíla og tækja skuli horft til umhverfisvænna kosta.</p> <p>Starfsfólk sveitarfélagsins hafi aðgang að rafknúnum hjólum.</p> <p>Við skipulag, hönnun og framkvæmdir verði ávallt hugað að göngu- og hjólaleiðum og gönguhæfi byggðar í þéttbýli.</p>	<p>Framkvæmt eigi síðar en 2028</p>	<p>Orkuveita Húsavíkur, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, stjórnsýslustjóri og sveitarstjóri</p>	<p>Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030</p> <p>Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025</p> <p>Samgönguáætlun (2020-2034 og 2020-2024)</p> <p>Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029</p> <p>Heimsmarkmið Sp nr. 11</p>

Markmið	Aðgerðir og leiðir að markmiðum	Tímarammi	Ábyrgð	Tengsl við aðrar áætlanir
<p>Samgöngur, veitur og önnur mannvirki (framhald)</p> <p>Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna.</p> <p>Stuðlað verði að auknu gönguhæfi byggðar og umferðaröryggi í þéttbýli.</p> <p>Við byggingu mannvirkja og framkvæmda á vegum sveitarfélagsins verði lögð áhersla á að lágmarka kolefnisfótspor og önnur umhverfisáhrif.</p>	<p>Almenningssamgöngur verði, eftir því sem kostur er, raunhæfur ódýr valkostur í samgöngum fyrir íbúa og spennandi valkostur fyrir ferðamenn.</p> <p>Skoðaðir verði möguleikar á umhverfis- eða vistvottun við framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins.</p> <p>Bæta aðgengi að hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki. Við deiliskipulagsgerð og framkvæmdir verði, eftir því sem við á, gert ráð fyrir hleðslustöðvum fyrir bíla og hjól.</p> <p>Skoðaðir verði möguleikar á bættum almenningssamgöngum á milli Akureyrarflugvallar og Húsavíkur í samstarfi við viðeigandi aðila, svo sem með því að koma upp biðskýli þar sem er hægt að geyma hjól á öruggum stað og jafnvel leigja hjól.</p>			
<p>Hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun</p> <p>Draga úr myndun úrgangs og stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi.</p> <p>Stuðla að sem mestri úrvinnslu úrgangs í Norðurþingi og nágrannasveitarfélögum þess. Leita skal leiða til að úrgangur sem til fellur á Norðurlandi fari ekki til spillis, heldur sé nýttur til hagsbóta fyrir íbúa og fyrirtæki á svæðinu.</p>	<p>Uppfæra innkaupastefnu m.t.t. vistvænna innkaupa.</p> <p>Í rekstri sveitarfélagsins verði lögð áhersla á nýtni hluta og endurnýtingu en forðast að nota einnota hluti.</p> <p>Draga úr sóun og auka flokkun á öllum starfsstöðvum sveitarfélagsins í samræmi við endurvinnslukerfi Norðurþings, þ.m.t. matarsóun.</p> <p>Fræða íbúa, þ.m.t. nemendur í sveitarfélaginu, um flokkun úrgangs og önnur úrgangsmál.</p> <p>Hafinn verði undirbúningur fyrir Grænt bókhald (sbr. umfjöllun um stjórnýslu og rekstur sveitarfélagsins).</p> <p>Skoða möguleika á að setja upp grófhreinsistöðvar fyrir fráveitu í þéttbýli.</p>	Framkvæmt eigi síðar en 2028	Orkuveita Húsavíkur, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, stjórnsýslustjóri og sveitarstjóri	Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030 Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023-2036 Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum (2024) Í ljósi loftslagsvár – Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum Heimsmarkmið SP nr. 11

Markmið	Aðgerðir og leiðir að markmiðum	Tímarammi	Ábyrgð	Tengsl við aðrar áætlanir
<p>Hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun (framhald)</p> <p>Meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft. Tryggt verði eins og kostur er að spilliefni berist ekki út í umhverfið.</p> <p>Stuðla að uppbyggingu hátækniíðnaðar, græns iðnaðar, nýsköpunar og starfsemi sem vinnur á forsendum hringrásarhagkerfisins.</p>	<p>Skoða áfram möguleika á grænum iðngarði á Bakka í samstarfi við Landsvirkjun.</p>			
LOFTSLAG				
<p>Aðlögun og viðbrögð</p> <p>Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri sveitarfélagsins, við framkvæmdir og landnýtingu í samræmi við önnur markmið og aðgerðir í umhverfis- og loftslagsstefnunni. Einnig að hvetja íbúa og atvinnulíf til að gera hið sama.</p> <p>Forðast röskun á landi sem bindur gróðurhúsalofttegundir.</p>	<p>Draga úr bílaumferð með bættri aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi. Auka hvatningu til að ganga og hjóla, m.a. með átaksverkefnum. Leggja áherslu á góðan snjómokstur og hálkuvarnir.</p> <p>Lágmarka akstur ökutækja á vegum Norðurlands og fjölga bílum sem knúnir eru með endurnýjanlegum orkugjöfum í gegnum verkefnið Græn skref.</p> <p>Stuðla að fjölgun og bættu aðgengi rafhleðslustöðva.</p> <p>Auka bindingu koltvísyrings með því að ýta undir og styðja við verkefni sem snúa að landgræðslu og skógrækt. Skoðað við gerð skógræktaráætlunar.</p>	<p>Framkvæmt eigi síðar en 2028</p>	<p>Orkuveita Húsavíkur, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, stjórnsýslustjóri og sveitarstjóri</p>	<p>Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030 Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum (2024) Í ljósi loftslagsvár – Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum Heimsmarkmið Sp nr. 13 Land og líf: Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt</p>

Markmið	Aðgerðir og leiðir að markmiðum	Tímarammi	Ábyrgð	Tengsl við aðrar áætlanir
<p>Aðlögun og viðbrögð (framhald)</p> <p>Auka bindingu gróðurhúsalofttegunda með landgræðslu og skógrækt.</p> <p>Efla viðnámsþrótt sveitarfélagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga og grípa til aðgerða vegna óumflýjanlegra breytinga.</p> <p>Skrá upplýsingar þannig að hægt verði að áætla losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu á vegum Norðurþings. Viðmiðunarárið er 2025.</p>	<p>Kortleggja svæði sem geta hentað til endurheimtar votlendis og endurheimta þar sem við á.</p> <p>Grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir jarðvegseyðingu með virkum landgræðsluáðgerðum á örfoka landi og virkum rofsvæðum í samstarfi við landeigendur. Skoðað við gerð skógræktaráætlunar.</p> <p>Skipulag byggðar taki tillit til áhrifa loftslagsbreytinga vegna hækkunar sjávarborðs.</p> <p>Skoða kosti og galla þess að kaupa vottaðar kolefniseiningar til kolefnisjöfnunar.</p>			